

Einholtsvegur (358-02) í Bláskógabyggð

Ákvörðun um matsskyldu

1 Inngangur

Þann 23. maí 2025 barst Skipulagsstofnun tilkynning frá Vegagerðinni um Einholtsveg (358-02) í Bláskógabyggð, samkvæmt 19. gr. laga um umhverfismat framkvæmda og áætlana, sbr. lið 10.08 í 1. viðauka laganna.

Skipulagsstofnun leitaði umsagna Bláskógabyggðar, Heilbrigðiseftirlits Suðurlands, Lands og Skóga, Náttúrufræðistofnunar, Náttúruverndarstofnunar, Umhverfis- og orkustofnunar og Rarik. Umsögn Minjastofnunar Íslands, dags. 21. maí 2025, barst með greinargerð Vegagerðarinnar.

2 Gögn lögð fram

Tilkynning til Skipulagsstofnunar: Einholtsvegur (358-02) í Bláskógabyggð, Kynningarskýrsla vegna könnunar á matsskyldu. Vegagerðin. Maí 2025.

Umsagnir um tilkynninguna bárust frá:

- Bláskógabyggð dags. 18. júní 2025
- Heilbrigðiseftirliti Suðurlands dags. 24. júní 2025
- Náttúrufræðistofnun dags. 12. júní 2025
- Náttúruverndarstofnun dags. 25. júní 2025
- Rarik dags. 23. júní 2025

Hvorki bárust umsagnir frá Landi og Skógum né Umhverfis- og orkustofnun.


Frekari upplýsingar bárust frá framkvæmdaraðila 22. júlí 2025.

3 Fyrirhuguð framkvæmd

Fyrirhuguð framkvæmd felst í endurbyggingu á 7,5 km löngum kafla á Einholtsvegi á milli Drumboddsstaðavegar og Hrunamannavegar að mestu leyti í núverandi vegstæði. Áætluð efnispörf er um 78.000 m³ og mun efni að stærstum hluta koma úr tveimur skeringum á fyrirhuguðu framkvæmdasvæði en ef meira efni vantar verður það sótt í einhverja af þeim 5 námmum í nágrenni framkvæmdasvæðisins sem tilgreindar eru á aðalskipulagi Bláskógabyggðar.

Markmið fyrirhugaðra framkvæmda er að bæta vegasamgöngur á svæðinu, auka umferðaröryggi íbúa og annarra vegfarenda og stuðla að greiðari samgöngum. Vegurinn verður hærri og breiðari en núverandi vegur með bundnu slitlagi, bættum sjónlengdum og öruggum hliðarsvæðum. Hönnun vegarins miðast við 70 km/klst. hámarkshraða. Ekki er um styttingu að ræða á veginum heldur fyrst og fremst vegbætur.

Einholtsvegur er tengivegur og er veghelgunarsvæði hans 30 m breitt og nær 15 m út frá miðlínu hvorrar handar. Framkvæmdasvæði þessarar framkvæmdar verður að mestu innan veghelgunarsvæðis en á nokkrum stuttum köflum liggur það lítillega utan þess vegna lagfæringa á plan- og hæðarlegu. Vegurinn verður að mestu lagður á fyllingu en skeringar verða á stöku stað.



Mynd 1. Staðsetning fyrirhugaðs framkvæmdasvæðis við Einholtveg í Biskupstungum (Úr greinargerð Vegagerðarinnar).

4 Umhverfisáhrif

Hér er fjallað um umhverfisáhrif framkvæmdarinnar eins og þeim er lýst í framlögðum gögnum Vegagerðarinnar og umsögnum umsagnaraðila.

Í greinargerð Vegagerðarinnar kemur fram að samkvæmt kortasjá Náttúrufræðistofnunar liggja fyrirhugað framkvæmdasvæði meðfram tveimur votlendissvæðum á stuttum köflum sem séu vernduð samkvæmt lögum um náttúruvernd en þau séu nú þegar nokkuð röskuð og verði ekki raskað frekar. Skv. kortasjónni flokkast framkvæmdasvæðið að stórum hluta sem tún og akur sem njóta ekki verndar. Fram kemur að við frágang verði stefnt að því að endurheimta staðargróður og ganga vel frá jöðrum framkvæmdasvæða með því að laga þau sem best að aðliggjandi landi til að gera sárin í landinu sem minnst áberandi. Ef lífrænt efni finnst verði því ýtt í hauga áður en framkvæmdir hefjist og jafnað yfir við frágang. Hvað varðar fuglalíf á fyrirhuguðu framkvæmdasvæði þá geti framkvæmdin haft tímabundin áhrif á fugla meðan á framkvæmdum stendur. Á fyrirhuguðu framkvæmdasvæði sé eitt grunnvatnshlot, Kerlingarfjöll-Hreppar (103-287-G) en heildarstærð þess er tæplega 3.800 m². Vegagerðin telur að áhrif á vistfræðilegt og efnafræðilegt ástand vatnshlotsins verði óveruleg og að ekki sé líklegt að umhverfismarkmið þess náist ekki vegna fyrirhugaðra framkvæmda. Fram kemur að Vegagerðin muni að öðru leyti stuðla að því að röskun á landi verði í lágmarki og takmarkist við fyrirfram skilgreint framkvæmdasvæði. Gera má ráð fyrir að röskun á landi verði með minnsta móti, miðað við vegaframkvæmdir almennt, þar sem um sé að ræða endurbyggingu núverandi vegar.

Í umsögn Náttúrufræðistofnunar er bent á að Framkvæmdasvæðið sé allt innan mikilvæga fuglasvæðisins, Suðurlandsundirlendi, og samkvæmt vistgerðakorti Náttúrufræðistofnunar er nokkuð um votlendi við veginn. Fyrirhugaðar framkvæmdir séu ekki líklegar til að hafa mikil áhrif á



fugla fyrir utan truflun á framkvæmdatíma og ólíklegt sé að frekara rask verði á votlendi utan veghelgunarsvæðis.

Í umsögn Náttúruverndarstofnunar kemur fram að ekki sé nægilega skýrt í greinargerð hvaða leiðir verði farnar til að raska ekki votlendi og til hvaða mótvægisáðgerða verði gripið ef til röskunar kemur. Þá bendir stofnunin á að upplýsingar vanti um fyrirhugaðar mótvægisáðgerðir til að lágmarka áhrif framkvæmda á varp fugla, s.s. að framkvæmdir verði ekki unnar á viðkvæmustu tímabilum fuglalífs.

Í svörum Vegagerðarinnar er áréttað að ekki sé um nýja veglínu að ræða heldur endurbyggingu á núverandi vegi. Bent er á að kortlagning vistgerða er ekki mjög nákvæm og m.a. kemur fram á kortasjá Náttúrufræðistofnunar að greining landvistgerða hafi reynst erfið og búast megi við villum. Það virðist vera raunin því bæði svæðin eru þurrlandi a.m.k. í nágrenni vegarins. Í ljósi þessa og þess að Vegagerðin telur að engum votlendissvæðum verði raskað við framkvæmdirnar þótti ekki ástæða til að gera sérstaka áætlun um mótvægisáðgerðir.

5 Skipulag og leyfi

Fyrirhuguð framkvæmd er í samræmi við stefnumörkun í Aðalskipulagi Bláskógabyggðar 2015-2027 varðandi samgöngur að stuðlað verði að endurbótum meginvega í byggð og að þeir verði byggðir upp með bundnu slitlagi.

Framkvæmdin er háð framkvæmdaleyfi Bláskógarbyggðar samkvæmt skipulagslögum og reglugerð um framkvæmdaleyfi. Einnig starfsleyfi Heilbrigðiseftirlits Suðurlands samkvæmt lögum um hollustuhætti og mengunarvarnir og reglugerð um losun frá atvinnurekstri og mengunarvarnaeftirlit.

Áður en framkvæmdir hefjast þurfa leyfisveitendur að taka skýra afstöðu til áhrifamats um vatnshlot og tryggja að fyrirhuguð leyfi séu í samræmi við lög nr. 36/2011 um stjórn vatnamála, þ.m.t. reglugerð nr. 535/2011 um flokkun vatnshlota, eiginleika þeirra, álagsgreiningu og vöktun og þá stefnumörkun um vatnsvernd sem fram kemur í Vatnaáætlun Íslands 2022-2027.

6 Niðurstaða

Um er að ræða endurbyggingu á 7,5 km kafla Einholtsvegar í Bláskógabyggð. Framkvæmdin er tilkynningarskyld til ákvörðunar um matsskyldu samkvæmt 19. gr. og lið 10.08 í 1. viðauka í lögum um umhverfismat framkvæmda og áætlana.

Eðli, staðsetning og eiginleikar hugsanlegra áhrifa framkvæmdar

Við mat á því hvort tilkynningarskyld framkvæmd skuli háð umhverfismati skal taka mið af eðli hennar, svo sem stærð og umfangi, nýtingu náttúruauðlinda, mengun og ónæði, sbr. 1. tl. 2. viðauka laga nr. 111/2021. Einnig skal taka mið af staðsetningu framkvæmdar og hversu viðkvæm þau svæði eru sem líklegt er að framkvæmd hafi áhrif á, svo sem með tilliti til landnotkunar, verndarákvæða, einkum svæða sem njóta verndar skv. lögum um náttúruvernd, sbr. 2. tl. 2. viðauka laga nr. 111/2021. Að endingu ber að skoða áhrif framkvæmdar í ljósi gerðar og eiginleika hugsanlegra áhrifa framkvæmdar, svo sem með tilliti til umfangs, eðlis, styrks og fjölbreytileika áhrifa, hverjar líkur séu á áhrifum, tímalengdar og afturkræfni áhrifa og möguleika á að draga úr áhrifum, sbr. 3. tl. 2. viðauka laga nr. 111/2021.



Um er að ræða umfangslitlar framkvæmdir sem felast í endurbyggingu núverandi vegar þó að ljóst sé að nýr vegur verður mun umfangsmeiri en sá vegur sem er fyrir m.a. vegna meiri breiddar sem og fyllinga og skeringa. Fyrirhugaðar framkvæmdir eru í jaðri votlendissvæða sem njóta sérstakrar verndar skv. lögum um náttúruvernd. Skipulagsstofnun leggur áherslu á að votlendissvæðum verði ekki raskað og í því skyni þarf að skilgreina öryggissvæði eins þröngt og kostur er og þarf Vegagerðin að leggja áherslu á að verktaki gæti þess vel að raska hvergi landi utan við framkvæmdasvæðið. Jafnframt þarf að halda öllu raski á öðru gróðurlendi í lágmarki og að frágangur verði í samræmi við þær verklagsreglur sem Vegagerðin vinnur eftir og sem koma fram í greinargerð. Með þessu móti telur Skipulagsstofnun að neikvæð áhrif fyrirhugaðra framkvæmda á gróður verði ekki veruleg. Fyrirhugaðar framkvæmdir eru innan svæðis sem er skilgreint sem mikilvægt fuglasvæði og munu fuglar í grennd við framkvæmdasvæðið verða fyrir truflun á framkvæmdatíma og einhverjar tegundir kunna að missa búsvæði sín. Fuglasvæðið er hins vegar mjög víðáttumikið og nær til alls Suðurlandsundirlendisins og því ekki líkur á verulegum áhrifum á fugla. Að mati Skipulagsstofnunar er ekki líklegt að fyrirhugaðar framkvæmdir hafi þau áhrif á grunnvatnshlotið Kerlingarfjöll-Hreppar (103-287-G) að hætta sé á að umhverfismarkmið þess náist ekki. Ekki liggur þó fyrir áhrifamat fyrirhugaðra framkvæmda á vatnshlotið í samræmi við leiðbeiningar Umhverfis- og orkustofnunar og telur Skipulagsstofnun ástæðu til að Vegagerðin láti gera slíkt mat.

Ákvörðunarorð

Á grundvelli fyrirbyggjandi gagna er það niðurstaða Skipulagsstofnunar að fyrirhuguð framkvæmd sé ekki líkleg til að hafa í för með sér umtalsverð umhverfisáhrif, sbr. þau viðmið sem tilgreind eru í 2. viðauka laga um umhverfismat framkvæmda og áætlana. Því skal framkvæmdin ekki háð mati á umhverfisáhrifum.

Samkvæmt 30. gr. laga um umhverfismat framkvæmda og áætlana má kæra ákvörðunina til úrskurðarnefndar umhverfis- og auðlindamála. Kærufrestur er til 1. september 2025.

Reykjavík, 1. ágúst 2025

Jakob Gunnarsson

Sigurður Ásbjörnsson

